


SEXTÁN Á SEXTÁN MISMUNANDI VEGU

Skoðaðu tölurnar vel.

3247	5245	5245	3463	4444
1465	2626	5371	5335	1465

Pú tekur ef til vill eftir því að þversumma hvernar tölu er 16. (Og já, það eru tvö eins pör!)

Settu nú tölurnar tíu inn í töfluna hér fyrir neðan. Hverja tölu má aðeins nota einu sinni; lóðrétt, lárétt, á ská, aftur á bak eða áfram.



Pegar þú hefur lokið við að fylla inn í töfluna kemur margt skemmtilegt í ljós. Þá sérðu að allar fjögurra stafa tölurnar, hvort sem er lárétt eða lóðrétt hafa þversummuna 16. Einnig að tölurnar sem myndast á ská á milli horna hafa þversummuna 16. Þá eru komnar 10 mismunandi tölur sem gefa 16. En það er meira ...

Summa talnanna í hornunum er 16. Þegar tölurnar fjórar í miðreitunum eru lagðar saman þá er útkoman 16. Ef þú býrð til fjóra litla ferninga úr stóra ferningnum þá mun summa talnanna í hverjum litla ferningnum einnig vera 16.

Þetta þýðir að ferningurinn þinn getur gefið summuna 16 á sextán mismunandi vegu!